



## Hreppsnefnd 20.09.07

Hreppsnefndarfundur var haldinn fimmtudaginn 20. september 2007 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Á fundinn voru mætt Aðalbjörn Björnsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Ennfremur var mættur Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og ritaði hann fundargerð.

Áður en formleg dagskrá hófst kynnti oddviti tvö mál er lutu annars vegar að hluthafafundi HB Granda sem halda á föstudaginn 21. sept 2007 og hins vegar auglýsingu á æskulýðs -og íþróttafulltrúa í samvinnu við ungmennafélagið Einherja.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 6. september sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 6. sept sl.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð fræðslunefndar frá 12. sept. sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. mál Opnun tilboða í gatnagerð og lagnir Hafnarbyggð 17. sept. sl.

Eyjólfur Sigurðsson, vék af fundi undir þessum tölulið.

Lögð fram fundargerð frá opnun tilboða í framkvæmdina Hafnarbyggð gatnagerð og lagnir. Tilboð bárust frá eftirtöldum:

1. MCC, Neskaupstað Heildartilboðsfjárhæð með vsk. 24.626.000,-

2. Eyjólfur Sigurðsson, Vopnafjörður Heildartilboðsfjárhæð með vsk. 18.064.000,-

3. Hagtak h. f., Hafnarfjörður Heildartilboðsfjárhæð með vsk. 37.250.000,-

4. Þóroddur Árnason, Vopnafjörður Heildartilboðsfjárhæð með vsk. 29.416.240,-

Kostnaðaráætlun 18.965.000,-

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi tilboðum. Lægstbjóðandi er Eyjólfur Sigurðsson og er tilboð hans 95,2 % af kostnaðaráætlun.

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

4. mál Viðbygging leikskólans Brekkubæjar 2. áfangi, útboð.

Lögð fram fundargerð frá 17. sept. sl., þar sem annars vegar var farið yfir stöðu hönnunar og vinnslu útboðsgagna og hins vegar farið yfir verkframvindu á 1. áfanga sem samið var við Mælifell ehf. um.

Hönnun á 2. áfanga þ.e. burðargrind, gluggar, klæðningar og frágangur utan húss, sem og einangrun utanhúss er tilbúin.

Lögð fram og kynnt útboðsgögn vegna þessa áfanga.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að bjóða verkið út.

Jafnframt var samþykkt að vinna að tillögugerð um mótun reglna á útboðsmálum Vopnafjarðarhrepps.

5. mál. Fundur með fulltrúum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps varðandi hugsanlega samvinnu í uppbyggingu atvinnumála.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps dags. 7. sept. sl., varðandi olíuleit á Drekasvæði og afgreiðslu málsins í hreppsnefnd 6. sept. sl.

Jafnframt lögð fram fundargerð fundar frá 17. sept. sl., þar sem fulltrúar Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar hittust og ræddu tækifæri sem skapast geta við olíuleit á svokölluðu Drekasvæði milli Jan Mayen og Íslands.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að vinna áfram að rannsóknum á þeim tækifærum sem felast í olíuleit svokölluðu Drekasvæði í samvinnu við Langanesbyggð.

6. mál. Bréf Samgönguráðuneytisins, varðandi bréf Vopnafjarðarhrepps frá 4. sept. sl.

Lagt fram bréf Samgönguráðuneytisins frá 11. sept. sl., sem er svar við bréfi Vopnafjarðarhrepps varðandi ýmis mál er snúa að eflingu atvinnu og byggðamála.

Að loknum umræðum um þennan lið var svofelld ályktun samþykkt samhljóða:

“Hreppsnefnd telur að þrátt fyrir ágæt áform ríkisstjórnarinnar um eflingu atvinnu -og byggðamála á landsbyggðinni sé ekki sjáanlegt að beinar aðgerðir í þeim efnum snúi að Vopnafirði og nánasta umhverfi hans.

Hreppsnefnd vill í þessu sambandi ítreka að nú þegar verði sett í gang vinna varðandi aðgerðir er stuðla að uppbyggingu atvinnumála þeirra svæða á Austurlandi sem eru á jöðrum hins svokallaða Miðsvæðis Austurlands. Í þessu sambandi er mikilvægt að strax verði stofnaður sérstakur vinnuhópur skipuður fulltrúum ríkisins, sveitarfélaga og atvinnulífsins er vinni að tillögugerð til úrbóta í þessu sambandi. (Samanber svokallaða Vestfjarðanefnd).

Undir þessum tölulíð var einnig samþykkt að óska eftir fundi með forsvarsmönnum HB Granda sem fyrst.

7. mál Ýmis bréf og mál:

a) Fundargerð Samgöngunefndar SSA frá 10. sept. sl.

Lagt fram til kynningar.

b) Aðalfundur SSA, ýmis gögn.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.